



Alda Credit Fund II slhf.
Árshlutareikningur
1. janúar til 30. júní 2021

Alda Credit Fund II slhf.
Katrínartún 2
105 Reykjavík

kt. 420817-0290

Efnisyfirlit

	Bls.
Skýrsla og áritun stjórnar og framkvæmdastjóra	1
Áritun óháðra endurskoðanda	2
Rekstrarreikningur og yfirlit um heildarafkomu	3
Efnahagsreikningur	4
Eiginfjárfirlit	5
Sjóðstreymisyfirlit	6
Skýringar	7

Skýrsla og áritun stjórnar og framkvæmdastjóra

Alda Credit Fund II slhf. er íslenskt samlagshlutafélag.

Tilgangur félagsins er fjárfestingarstarfsemi í samræmi við fjárfestingarstefnu félagsins, lánastarfsemi, kaup og sala á fjármálagerningum, eignarhald og rekstur fasteigna og önnur skyld starfsemi.

Hagnaður varð af rekstri félagsins á tímabilinu 1. janúar til 30. júní að fjárhæð 25.690 þús.kr. Eigið fé félagsins nam 1.733.155 þús.kr. þann 30. júní 2021.

Félagið ACF II GP ehf. ber beina og ótakmarkaða ábyrgð á öllum skuldbindingum félagsins. Ábyrgðaraðili gegnir hlutverki stjórnar og felur rekstraraðila félagsins að tilnefna framkvæmdastjóra.

Enginn starfsmaður starfaði hjá félaginu en daglegur rekstur er í höndum Kviku eignastýringar hf.

Horfur í starfsumhverfi

COVID 19 veiran hefur undanfarin misseri haft mikil áhrif út um allan heim og virðist ný bylgja sem hófst seint um sumarið ætla að hafa nokkur áhrif en viðsnúningur hefur þó orðið í rekstri margra fyrirtækja í sumar. Fram til þess hefur veiran haft víðtæk efnahagsleg áhrif ásamt því að setja skorður á daglegt líf og kvaðir á ferðir fólks milli landa. Mörg fyrirtæki hafa orðið fyrir tekjumissi á tímabilinu en það á eftir að koma í ljós hve hratt fyrirtæki mun ná upp sínum fyrri styrk. Jákvæði teikn hafa þó verið frá vormánuðum og mörg fyrirtæki í ferðapjónustu náð að hefja einhvern rekstur á ný. Á tímabilinu kom félagið til móts við lántakendur með því að veita greiðslufrest til allt að 6 mánaða en fyrir Covid hafði ekki verið um greiðsluferfiðleika að ræða hjá mótaðilum. Aðgerðirnar eru því metnar sem tímabundin ráðstöfun til að koma til móts við tekjumissi og lausafjárskort. Það var þó jákvætt að margir af þeim mótaðilum sem kusu að nýta sér greiðslufrest sem stóð til boða hafa byrjað að greiða aftur. Einhver fyrirtæki munu þó þurfa aðstoð vel fram á þetta ár. Við undirritun árshlutareikningsins er erfitt að meta endanleg áhrif veirunnar á rekstur félagsins en ljóst er að núverandi ástand mun koma misjafnlega niður á fyrirtækjum og einstaklingum. Sum fyrirtæki hafa náð að vinna til baka þann tekjumissi sem varð en önnur þurfa lengri tíma, þar með talið mögulega einhverjir af mótaðilum félagsins. Hins vegar er staðan hér á landi búin að batna umtalsvert og tilslakanir hafa verið sem hafa styrkt tekjustofna fyrirtækja. Einnig hafa bólusetningar gengið vel hér á landi. Það eykur líkur á að þeir mótaðilar sem þurftu aukinn greiðslufrest geti hafið greiðslur fyrr en ella, eða á þessu ári og að það sjáist fyrir endann á þeim takmörkunum og aðgerðum sem verið hafa. Félagið hefur einnig tryggingar á bakvið allar sínar fjárfestingar sem styrkir stöðuna en erfitt er að meta á þessum tímamarki nákvæmlega hver endanleg áhrif COVID 19 á rekstur félagsins verða. Félagið hefur metið vænt útlánatap fjárfestinga en telur, í ljósi góðrar tyggingastöðu og batnandi horfa, ekki þörf á niðurfærslu lána vegna þess eins að mótaðli nýtti sér úrræði um greiðslufrest. Þegar greiðslufrestir renna út síðar á árinu mun félagið meta hvort frekari úrræða er þörf til að koma til móts við lántakendur, en væntingar eru um að það hlutfall muni áfram minnka eins og síðustu misseri. Félagið væntir þess að til lengri tíma nái það að endurheimta fjárfestingar sínar að fullu. Félagið hefur sterka stöðu lausafjár og gott sjóðstreymi af afborgunum og getur mætt umtalsverðum þörfum um t.a.m. greiðslufresti án þess að það hafi áhrif á getu félagsins til þess að standa við sínar skuldbindingar næstu 12-18 mánuði. Hver sem þróunin verður að þá mun félagið leitast við að hámarka virði fjárfestinga sinna ásamt því að horfa til samfélagslegra þátta við úrlausn mála gagnvart mótaðilum sínum.

Yfirlýsing stjórnar og framkvæmdastjóra

Samkvæmt bestu vitneskju stjórnar og framkvæmdastjóra er árshlutareikningur félagsins í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla eins og þeir hafa verið staðfestir af Evrópusambandinu og viðbótarkröfur um upplýsingar samkvæmt lögum nr. 3/2006 um ársreikninga og lög um rekstraraðila sérhæfðra sjóða. Samkvæmt bestu vitneskju stjórnar og framkvæmdastjóra gefur árshlutareikningurinn glögga mynd af eignum, skuldum og fjárhagsstöðu félagsins þann 30. júní 2021 og rekstrarafkomu þess og breytingum á handbæru fé og breytingu á eigin fé á tímabilinu.

Jafnframt er það álit stjórnar og framkvæmdastjóra að árshlutareikningurinn og skýrsla stjórnar og framkvæmdastjóra geymi glöggt yfirlit yfir þróun og árangur í rekstri félagsins og stöðu þess og lýsi helstu áhættuþáttum og óvissu sem félagið býr við.

Stjórn og framkvæmdastjóri hafa í dag rætt árshlutareikning félagsins fyrir tímabilið 1. janúar til 30. júní 2021 og staðfesta hann með undirritun sinni.

Reykjavík, 27. ágúst 2021.

Stjórn

Framkvæmdastjóri

Þórður Jónsson, stjórnarformaður

Þorkell Magnússon

Helen Ólafsdóttir

Óli Grétar Blöndal Sveinsson

Árshlutareikningur Öldu Credit Fund II slhf. 30. júní 2021 er rafrænt undirritaður af stjórn og framkvæmdastjóra

Könnunaráritun óháðra endurskoðenda

Til stjórnar og hluthafa í Öldu Credit Fund II slhf.

Við höfum kannað meðfylgjandi árshlutareikning Öldu Credit Fund II slhf. fyrir tímabilið 1. janúar til 30. júní 2021, sem hefur að geyma rekstrarreikning, efnahagsreikning og sjóðsstreymi, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Ábyrgð stjórnar og framkvæmdastjóra á árshlutareikningnum

Stjórn og framkvæmdastjóri eru ábyrgir fyrir gerð og framsetningu árshlutareikningsins í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla eins og þeir hafa verið staðfestir af Evrópusambandinu, viðbótarkröfur í lögum um ársreikninga og lögum um rekstraraðila sérhæfðra sjóða.

Ábyrgð endurskoðenda

Ábyrgð okkar felst í ályktun okkar um árshlutareikninginn sem byggir á könnuninni.

Umfang könnunar

Könnun okkar var unnin í samræmi við alþjóðlegan staðal ISRE 2410, sem fjallar um könnun óháðs endurskoðanda á árshlutareikningum. Slík könnun felur í sér fyrirspurnir, einkum til starfsmanna sem eru ábyrgir fyrir fjármálum og reikningsskilum félagsins ásamt greiningum á hinum ýmsu liðum reikningsskilanna og öðrum könnunaraðgerðum. Könnun felur ekki í sér jafn viðtækar aðgerðir og endurskoðun sem unnin er í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla og er því ekki víst að við fáum vitneskju um öll mikilvæg atriði sem gætu komið í ljós við endurskoðun. Þar af leiðandi látum við álit um endurskoðun ekki í ljós.

Ályktun

Við könnun okkar kom ekkert fram sem bendir til annars en að árshlutareikningurinn gefi glögga mynd af afkomu félagsins á tímabilinu, efnahag hans 30. júní 2021 og breytingu á handbæru fé á tímabilinu, í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla eins og þeir hafa verið staðfestir af Evrópusambandinu, viðbótarkröfur í lögum um ársreikninga og lögum um rekstraraðila sérhæfðra sjóða.

Í samræmi við ákvæði 2. mgr. 104 gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga staðfestum við samkvæmt okkar bestu vitund að í skýrslu stjórnar sem fylgir árshlutareikningi þessum eru veittar þær upplýsingar sem þar ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga og koma ekki fram í skýringum.

Kópavogur, 27. ágúst 2021.

Deloitte ehf.

Pálína Árnadóttir
Endurskoðandi

Guðmundur Ingólfsson
Endurskoðandi

Árshlutareikningur Öldu Credit Fund II slhf. fyrir tímabilið 1. janúar til 30. júní 2021 er rafrænt undirritaður af endurskoðendum.

Rekstrarreikningur og yfirlit um heildarafkomu

	Skýringar	6m 2021	6m 2020
Vaxtatekjur og verðbætur		316.715	287.704
Vaxtagjöld og verðbætur		(265.575)	(204.844)
Gangvirðisbreyting verðbréfa		3.077	4.296
Hreinar fjármunatekjur		54.217	87.156
Umsýslupóknun		(18.287)	(18.754)
Rekstrarkostnaður		(10.239)	(5.072)
Rekstrargjöld alls		(28.527)	(23.826)
Hagnaður og heildarafkoma tímabilsins		25.690	63.330
Grunnhagnaður og þynntur hagnaður á hlut, í krónum	10	0,02	0,04

Skýringar á bls. 7 til 16 eru óaðskiljanlegur hluti árshlutareikningsins.

Efnahagsreikningur 30. júní 2021

Eignir	Skýringar	30.6.2021	31.12.2020
Langtímakröfur	11	7.176.387	6.857.022
Verðbréf með breytilegum tekjum	12	385.751	742.674
Fastafjármunir samtals		7.562.138	7.599.696
Næsta árs afborgun langtímakrafna	11	165.563	150.103
Aðrar skammtímakröfur		53.751	32.295
Handbært fé		210.066	98.973
Veltufjármunir samtals		429.380	281.370
Eignir samtals		7.991.518	7.881.066
Eigið fé og skuldir			
Hlutafé		1.467.000	1.467.000
Lögbundinn varasjóður		28.087	25.518
Óráðstafað eigið fé		238.068	214.947
Eigið fé samtals	13	1.733.155	1.707.465
Skuldabréfaútgáfa	14	6.056.437	5.979.120
Langtímalán samtals		6.056.437	5.979.120
Næsta árs afborgun af langtímalánum	14	136.091	126.825
Áfallnir vextir		65.632	66.283
Aðrar skammtímaskuldir		203	1.373
Skammtímaskuldir samtals		201.926	194.481
Skuldir samtals		6.258.363	6.173.601
Eigið fé og skuldir samtals		7.991.518	7.881.066

Skýringar á bls. 7 til 16 eru óaðskiljanlegur hluti árshlutareikningsins.

Eiginfjáryfirlit 30. júní 2021

1. janúar 2021 til 30. júní 2021	Skýringar	Hlutafé	Lögbundinn varasjóður	Óráðstafað eigið fé	Samtals
Eigið fé 1. janúar 2021		1.467.000	25.518	214.947	1.707.465
Hagnaður og heildarafkoma				25.690	25.690
Framlag í lögbundinn varasjóð			2.569	(2.569)	0
Eigið fé 30. júní 2021	13	1.467.000	28.087	238.068	1.733.155

1. janúar 2020 til 30. júní 2020	Skýringar	Hlutafé	Lögbundinn varasjóður	Óráðstafað eigið fé	Samtals
Eigið fé 1. janúar 2020		1.467.000	16.960	137.922	1.621.882
Hagnaður og heildarafkoma				63.330	63.330
Framlag í lögbundinn varasjóð			6.333	(6.333)	0
Eigið fé 30. júní 2020	13	1.467.000	23.293	194.919	1.685.212

Skýringar á bls. 7 til 16 eru óaðskiljanlegur hluti árshlutareikningsins.

Sjóðstreymisyfirlit 30. júní 2021

Rekstrarhreyfingar	Skýringar	6m 2021	6m 2020
Hagnaður og heildarafkoma tímabilsins		25.690	63.330
Rekstrarliðir sem hafa ekki áhrif á handbært fé:			
Hreinar fjármunatekjur		(54.217)	(87.156)
		(28.527)	(23.826)
Breyting á rekstrartengdum eignum og skuldum:			
Skammtímakröfur, hækkun		0	(6.932)
Skammtímaskuldir, lækkun		(2.001)	(557)
Breyting á rekstrartengdum eignum og skuldum		(2.001)	(7.489)
Fengnir vextir og verðbætur		203.816	159.811
Greiddir vextir og verðbætur		(114.827)	(112.612)
Handbært fé frá rekstri		58.461,630	15.884
Fjárfestingahreyfingar			
Verðbréf, (kaup)/sala		360.000	50.000
Langtímakröfur, lánveitingar		(875.000)	0
Langtímakröfur, afborganir og uppgreiðslur		632.300	275.140
Fjárfestingahreyfingar		117.300	325.140
Fjármögnunarhreyfingar			
Afborgun skuldabréfaláns		(64.668)	(59.797)
Fjármögnunarhreyfingar		(64.668)	(59.797)
Handbært fé í ársbyrjun		98.973	56.258
Breyting handbærs fjár		111.093	281.227
Handbært fé í lok tímabilsins		210.066	337.484

Skýringar á bls. 7 til 16 eru óaðskiljanlegur hluti árshlutareikningsins.

Skýringar

Almennar upplýsingar

1. Félagið

Alda Credit Fund II slhf., hér eftir nefnt félagið, er íslenskt samlagshlutafélag með starfsemi í Reykjavík. Aðsetur þess er Katrínartún 2, 105 Revkiavík.

Tilgangur félagsins er fjárfestingarstarfsemi í samræmi við fjárfestingarstefnu félagsins, lánastarfsemi, kaup og sala á fjármálagerningum, eignarhald og rekstur fasteigna og önnur skyld starfsemi.

2. Skattamál

Félagið er ekki sjálfstæður skattaðili og engin skattlagning er á úthlutun hagnaðar.

Reikningsskilaaðferðir

3. Grundvöllur reikningsskilanna

a. Yfirlýsing um samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla

Árshlutareikningurinn er gerður í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla (IFRS), eins og þeir hafa verið staðfestir af Evrópusambandinu og viðbótarkröfur um upplýsingar samkvæmt lögum nr. 3/2006 um ársreikninga og lög um rekstaraðila sérhæfðra sjóða.

Stjórn félagsins staðfesti árshlutareikninginn með undirritun sinni þann 27. ágúst 2021.

b. Grundvöllur matsaðferða

Árshlutareikningurinn er gerður á grundvelli kostnaðarverðs, að því undanskildu að verðbréf með breytilegum tekjum eru metin á gangvirði.

c. Framsetningar- og starfsrækslugjaldmiðill

Árshlutareikningur félagsins er birtur í íslenskum krónum, sem er starfsrækslugjaldmiðill félagsins. Allar fjárhæðir eru birtar í þúsundum króna nema annað sé tekið fram.

d. Rekstrarhæfi

Stjórnendur félagsins hafa metið hvort félagið hafi getu til áframhaldandi rekstrar og er það skoðun þeirra að svo sé. Þar af leiðandi er ársreikningurinn gerður miðað við þá forsendu að félagið sé rekstrarhæft.

e. Mat stjórnenda í reikningsskilunum

Gerð árshlutareiknings í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaða krefst þess að stjórnendur taki ákvarðanir, meti og gefi sér forsendur sem hafa áhrif á beitingu reikningsskilaaðferða og birtar fjárhæðir eigna, skulda, tekna og gjalda. Endanlegar niðurstöður kunna að verða frábrugðnar þessu mati.

f. Ákvörðun gangvirðis

Hluti af reikningsskilaaðferðum og skýringum félagsins krefjast ákvörðunar á gangvirði, bæði vegna fjármálagerninga og annarra eigna og skulda.

Að svo miklu leyti sem hægt er, notar félagið markaðsupplýsingar við ákvörðun gangvirðis en liggi slíkar upplýsingar ekki fyrir er byggt á mati stjórnenda. Ef upplýsingar frá þriðja aðila, líkt og verð frá miðlurum eða verðmatsþjónustu, eru notaðar við ákvörðun gangvirðis þá nýta stjórnendur upplýsingarnar til að styðja við þá niðurstöður að matið uppfylli kröfur um alþjóðlega reikningsskilastaðla (IFRS), þar á meðal það stig sem slíkt mat myndi falla undir.

Gangvirðið er flokkað í þrjú stig eftir forsendum sem notaðar eru við matið.

- Stig eitt byggir á skráðu verði á virkum markaði fyrir samskonar eignir og skuldir.
- Stig tvö byggir á beinum eða óbeinum markaðsforsendum sem eru aðrar en skráð verð á virkum markaði sem flokkast undir stig eitt.
- Stig þrjú byggir á forsendum og gögnum sem ekki er unnt að afla á markaði.

g. Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld

Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld samanstanda af vöxtum og verðbótum langtímakrafna og skuldabréfalána. Vaxtatekjur og vaxtagjöld eru færð í rekstrarreikning miðað við aðferð virkra vaxta. Virkir vextir eru þeir vextir sem afvaxta vænt framtíðar sjóðstreymi yfir áætlaðan líftíma fjármálagerningsins til bókfærðs heildarvirðis fjáreignarinnar eða afskrifaðs kostnaðarverðs fjárskuldarinnar.

h. Umsýsluþóknun

Á fyrstu þremur árum frá stofnun félagsins eða þar til félagið hefur kallað inn áskriftarloforð vegna hlutabréfa og skuldabréfa að fullu (eftir því hvort tímamarkið kemur upp fyrr) greiðir félagið fasta árlega umsýsluþóknun til Kviku eignastýringar hf. sem nemur 0,5% af upphaflegum heildarfjárfestingaloforðum. Að þremur árum liðnum eða þegar upphafleg fjárfestingarloforð hafa verið greidd að fullu miðast föst 0,5% árleg þóknun við mat á heildareignum félagsins miðað við síðasta ársuppgjör eða árshlutauppgjör.

i. Langtímakröfur

Langtímakröfur samanstanda af skuldabréfaeign og lánasamningum. Langtímakröfur eru eignfærðar í efnahagsreikningi á nafnvirði að viðbættum verðbótum og áföllnum vöxtum.

j. Verðbréf

Hlutdeildarskírteini í sjóðum eru metin samkvæmt því gengi er gildi á markaðnum í lok tímabilsins.

k. Handbært fé

Handbært fé samanstendur af bankainnstæðum.

l. Langtímaskuldir

Skuldabréfalán eru færð með áföllnum verðbótum á reikningsskiladegi. Áfallnir vextir eru færðir meðal skammtímaskulda.

Skýringar frh.

4. Fjáreignir og fjárskuldir

a. Skráning

Upphafleg skráning hjá félaginu á útlánum og kröfum, innlánum og útgefnum skuldagerningum er á þeim degi þegar til þeirra er stofnað. Allar aðrar fjáreignir og fjárskuldir eru upphaflega skráðar á viðskiptadegi, sem er sá dagur sem félagið verður aðili að samningsákvæðum gerningsins.

b. Flokkun

Fjáreignir

Fjáreignir félagsins eru flokkaðar í annan af tveimur flokkum, það er annað hvort á afskrifuðu kostnaðarverði eða á gangvirði í gegnum rekstrarreikning. Aðferðin við að meta einstaka fjáreign er ákvörðuð út frá mati á einkennum stjórðstreymis þeirra og því viðskiptalíkani sem þeim er stýrt með.

Fjáreignir á afskrifuðu kostnaðarverði

Fjáreign er metin á afskrifuðu kostnaðarverði ef samningsskilmálar fjáreignarinnar ákvarða tímasetningu sjóðstreymis sem samanstendur aðeins af greiðslum af höfuðstól og vöxtum og eignin tilheyrir viðskiptalíkani sem hefur það markmið að halda eignum til að innheimta samningsbundið sjóðstreymi. Eftir upphaflega skráningu þá eru fjáreignir í þessum flokki metnar á afskrifuðu kostnaðarverði með aðferð virkra vaxta. Áfallnar vaxtatekjur eru færðar með vaxtatekjum í rekstrarreikningi. Öll skuldabréf og lán félagsins eru metin á afskrifuðu kostnaðarverði með aðferð virkra vaxta. Vextir af útlánum eru færðar sem vaxtatekjur.

Afskriftarreikningur fjáreigna sem metnar eru á afskrifuðu kostnaðarverði eru reiknuð út með aðferð vænts útlánataps. Bókfært virði lána sem metin eru á afskrifuðu kostnaðarverði í efnahag tekur tillit til frádráttar vegna afskriftarreiknings.

Fjáreignir tilskildar á gangvirði í gegnum rekstrarreikning (FVTPL)

Fjáreignir tilskildar á gangvirði í gegnum rekstrarreikning (FVTPL) eru allar aðrar fjáreignir en þær sem metnar eru á afskrifuðu kostnaðarverði.

Fjáreignir tilskildar á gangvirði í gegnum rekstrarreikning samanstanda af verðbréfum með breytilegum tekjum.

Mat á viðskiptalíkani

Félagið metur markmið viðskiptalíkansins, sem fjáreignin tilheyrir, á eignasafnsstigi þar sem það sýnir best hvernig rekstrinum er stýrt og hvernig upplýsingagjöf til stjórnenda er háttað. Upplýsingar sem horft er til eru meðal annars:

- stefnur og markmið stjórnenda fyrir eignasafnið og raunveruleg framkvæmd á stefnunum. Einkum hvort stefna stjórnenda miðist við að afla samningsbundinna vaxtatekna, viðhalda tilteknu vaxtastigi, para saman tímalengd fjáreignanna og tímalengd skuldanna sem fjármagna eignirnar eða innleysa sjóðstreymi með sölu eignanna;
- aðferðir við mat á afkomu eignasafna og upplýsingagjöf þar um til stjórnenda;
- helstu áhættur sem hafa áhrif á viðskiptalíkanið (og þær fjáreignir sem tilheyra því viðskiptalíkani) og áhættustýringaraðgerðir til að sporna gegn þeim;
- hvernig stjórnendum er umbunað - til dæmis hvort umbunun byggir á gangvirði eigna sem þeir stýra eða innheimtu samningsbundins sjóðstreymis; og
- tíðni, magn og tímasetning sölu fjáreigna á fyrri tímabilum, ástæður fyrir slíkum söllum og væntingar um framtíðarsölu. Upplýsingar um sölu eru ekki metnar einar og sér heldur með hliðsjón af öðrum þáttum við mat á því hvernig yfirlýstu markmiði félagsins varðandi stýringu fjáreignanna er framfylgt og hvernig sjóðstreymi eru innleyst.

Fjáreignir sem eru veltufjáreignir eða stýrt og eru mældar með tilliti til afkomu á gangvirðisgrunni eru metnar á gagnvirði í gegnum rekstrarreikning þar sem þeim er hvorki haldið til að innheimta samningsbundið sjóðstreymi né heldur til að innheimta bæði samningsbundið sjóðstreymi og til sölu.

Mat á samningsbundnu sjóðstreymi

Fjáreignir sem haldið er til gjalddaga eða og sölu eru yfirfarnar til að meta hvort samningsbundið sjóðstreymi þeirra samanstendur einungis af greiðslu höfuðstóls og vaxta (SPPI). SPPI greiðslur eru þær sem eru í samræmi við einfalt lánaþyrirkomulag. Höfuðstóll er skilgreindur sem gangvirði fjáreigninnar við upphaflega skráningu og getur tekið breytingum yfir líftíma gerninganna, til dæmis vegna afborgana. Vextir eru skilgreindir sem endurgjald vegna tímavirðis peninga og útlánaáhættu er tengist útistandandi höfuðstól yfir tiltekið tímabil.

Endurflokkun

Fjáreignir eru ekki endurflokkaðar eftir upphaflega skráningu, nema ef félagið breytir viðskiptalíkani sínu.

Skýringar frh.

4. Fjáreignir og fjárskuldir frh.

Fjárskuldir

Félagið flokkar allar fjárskuldir sem aðrar fjárskuldir á afskrifuðu kostnaðarvirði.

Afskráning

Fjáreignir

Fjáreign er afskráð þegar samningsbundinn réttur til sjóðstreymis af eigninni rennur út, eða þegar félagið flytur réttinn til samningsbundins sjóðstreymis í tengslum við fjáreignina í viðskiptum sem flytja í reynd alla áhættu og ávinning af því að eiga eignina. Sérhver hlutdeild í yfirfærðri fjáreign sem verður til eða félagið heldur eftir er skráð sem sérstök eign eða skuld.

Fjárskuldir

Fjárskuldir eru afskráðar þegar samningsbundnar skyldur félagsins eru uppfylltar, felldar niður eða fallnar úr gildi.

5. Jöfnun fjáreigna og fjárskulda

Fjáreignum og fjárskuldum er jafnað saman og hrein fjárhæð færð í efnahagsreikning þegar og aðeins þegar lagalegur réttur félagsins er til staðar um jöfnun og fyrirhugað er að gera upp með jöfnun fjáreigna og fjárskulda eða innleysa eignina og gera upp skuldina á sama tíma.

6. Virðisrýrnun

Vænt útlánatap

Félagið notar þriggja þrepa líkan við mat á væntum útlánatöpum. Afskriftarreikningur vegna vænts útlánataps fer eftir því hvort veruleg aukning hefur orðið á útlánaáhættu frá upphafsskráningu. Hafi ekki orðið veruleg aukning á útlánaáhættu jafngildir afskriftin væntu útlánatapi sem leiðir af vanskilum sem eru líkleg á næstu 12 mánuðum (þrep 1). Ef útlánaáhættan hefur hækkað verulega, ef lánið er í yfir 30 daga í vanskilum, ef að forsendur lántaka breytast eða ef það verður önnur veruleg breyting á skilmálum þá flokkast lán í þrep 2. Ef lánið er gjaldfallið eða á annan hátt virðisrýrt, þá er afskriftin jöfn væntu útlánatapi út líftíma (þrep 2 og 3).

Við mat á afskriftarreikningi vegna vænts útlánataps fyrir útlán og kröfur sem eru ekki metnar á gangvirði í gegnum rekstrarreikning þá gerir IFRS 9 ráð fyrir þrem mismunandi aðferðum eftir því um hvers konar eign eða áhættuskuldbindingu er að ræða:

1. Vegna viðskiptakrafna eða sambærilegra eigna þar sem ekki er um að ræða umtalsverða fjármögnun má beita einfaldri (vænt tap yfir líftíma) aðferð.
2. Vegna eigna sem eru virðisrýrðar við kaup eða skráningu þá skal beita aðferð sem tekur tillit til vænts taps yfir líftíma.
3. Vegna annarra eigna/áhættuskuldbindinga skal beita almennri (þriggja þrepa) aðferð.

Almenna aðferðin

Félagið reiknar vænt útlánatap á hverjum reikningsskiladegi sem byggir á þremur þrepum.

Þrep 1 nær yfir fjáreignir þar sem útlánaáhætta hefur ekki aukist verulega frá upphaflegri skráningu eða (þar sem valkvæðri einföldun vegna lágrar útlánaáhættu hefur verið beitt) eru með lága útlánaáhættu.

Þrep 2 nær yfir fjáreignir þar sem marktæk lækkun hefur orðið á útlánagæðum frá upphaflegri skráningu (nema þar sem einföldun vegna lágrar útlánaáhættu hefur verið beitt og er viðeigandi) en ekki eru til staðar hlutlægar vísbendingar um útlánatap.

Þrep 3 nær yfir fjáreignir þar sem hlutlægar vísbendingar um útlánataps atburð eru til staðar á reikningsskiladegi.

12 mánaða vænt útlánatöp eru færð undir þrepi 1 en vænt útlánatöp út líftíma eru færð undir þrepi 2 og 3. IFRS 9 gerir greinarmun á milli fjármálagerninga þar sem útlánagæði hafa ekki lækkað marktækt frá upphaflegri skráningu og þeim þar sem þau hafa gert það. Útreikningar á væntu útlánatapi byggja á mati á útlánatöpum yfir væntan líftíma fjármálagerningsins.

Eign færist úr 12 mánaða væntu útlánatapi yfir í vænt útlánatap út líftíma þegar um er að ræða marktæka lækkun í útlánagæðum frá upphaflegri skráningu. Þar af leiðandi byggja mörkin milli 12 mánaða og líftíma tapa á breytingu í útlánahættu en ekki áhættunni á reikningsskiladegi.

Einnig er til staðar mikilvæg rekstrarleg einföldun sem heimilar félögum að vera flokkuð í 12 mánaða væntu útlánatapi ef heildarútlánaáhættan er lág. Þetta á einnig við þó að útlánaáhætta hafi aukist marktækt.

Skýringar frh.

6. Virðisrýrnun, frh.

Útreikningur á væntu útlánatapi

Vænt útlánatöp

Vænt útlánatöp eru skilgreind sem mismunurinn á milli alls samningsbundins sjóðstreymis sem félagið á að fá og þess sjóðstreymis sem það gerir raunverulega ráð fyrir að móttaka (sú fjárhæð sem vantar upp á). Þessi munur er núvirtur með upphaflegu virku vöxtunum.

Skilgreiningin á vanskilum

Fjáreign er skilgreind í vanskilum af félaginu ef að eitt af eftirfarandi á við:

- lántakinn er kominn 90 daga fram yfir gjalddaga;
- lántakinn er skráður á vanskilaskrá hjá Creditinfo;
- lántakinn er á skrá opinberra aðila yfir þá sem hafa lagt fram gjaldprotabeiðni, hafa hætt starfsemi eða eru ekki lengur rekstrarhæfir;
- lántakinn er álitinn ólíklegur til að greiða samkvæmt mati áhættustýringar félagsins. Samkvæmt mati áhættustýringar þá eru neðangreindir atburðir á lista þeirra yfir atburði sem eru líklegir til að leiða til vanskila:
 - brot á skilmálum lánaskuldbindinga
 - eftirgjöf lána eða endurskipulagning
- lántakinn hefur verið í vanskilum samkvæmt ofangreindu á einhverjum tíma á undanförunum þrem mánuðum.

Áhættustýring félagsins getur endurskilgreint flokkun ef eftirfarandi á við:

- ástæða vanskila er þekkt af félaginu og er ekki metinn sem skortur á vilja eða getu til að greiða.
- endurfjármögnun áhættuskuldbindingar lántakans er ráðgerð og hefur verið staðfest.

7. Hagnaður á hlut

Grunnhagnaður (tap) á hlut er reiknaður sem hlutfall hagnaðar (taps), sem ráðstafað er til hluthafa, og vegins meðalfjölda virkra hluta á árinu. Þynntur hagnaður (tap) á hlut er hinn sami og grunnhagnaður (tap) á hlut, þar sem ekki hafa verið gefnir út kaupréttir og félagið hefur ekki tekið lán sem eru breytanleg í hlutafé.

8. Starfspáttayfirlit

Félagið lítur á núverandi starfsemi sem einn starfspátt og birtir því ekki starfspáttayfirlit.

9. Nýir reikningsskilastaðlar

Félagið hefur tekið upp alla alþjóðlega reikningsskilastaðla, breytingar á þeim og túlkanir sem Evrópusambandið hefur staðfest og hafa tekið gildi fyrir árið 2021 eða fyrr og eiga við um starfsemi þess. Félagið hefur ekki tekið upp staðla, breytingar á stöðlum eða túlkanir sem taka gildi eftir lok júní 2021, en heimilt er að taka upp fyrr.

Skýringar frh.

Rekstrarreikningur

10. Hagnaður á hlut

Hagnaður á hlut reiknast sem hér segir:	30.6.2021	30.6.2020
Hagnaður tímabilsins	25.690	63.330
Hlutfé í ársbyrjun	1.467.000	1.467.000
Vegið meðaltal fjölda hluta á tímabilinu	1.467.000	1.467.000
Grunnhagnaður og þynntur hagnaður (tap) á hlut, í krónum	0,02	0,04

Efnahagur

11. Langtímakröfur

Langtímakröfur samanstanda af skuldabréfaeign, lánasamningum og afborgunum næstu ára og sundurliðast með eftirfarandi hætti:

	30.6.2021	31.12.2020
Langtímakröfur, verðtryggðar, vextir 3,50-6,1%	5.948.151	6.203.319
Langtímakröfur, óverðtryggðar, vextir 2,31% - 6,30%	1.393.799	803.806
Langtímakröfur samtals, þar með talið næsta árs afborgun	7.341.950	7.007.125
Næsta árs afborgun	(165.563)	(150.103)
Langtímakröfur samtals	7.176.387	6.857.022
Afborganir langtímakrafna greinast þannig á næstu ár:		
Afborgun ársins 2022 / 2021	165.563	150.103
Afborgun ársins 2023 / 2022	235.497	162.642
Afborgun ársins 2024 / 2023	577.720	640.559
Afborgun ársins 2025 / 2024	1.046.520	806.790
Afborgun ársins 2026 / 2025	721.441	938.325
Afborganir síðar	4.595.210	4.308.706
Langtímakröfur samtals	7.341.950	7.007.125

Um 94,6% langtímakrafna félagsins bera fasta vexti og 5,4% langtímakrafna eru með breytilega vexti. Í flestum tilvikum er um uppgreiðslugjald að ræða ef greitt er umfram samningsbundnar afborganir.

Til tryggingar endurgreiðslu langtímakrafna hafa lántakendur veitt Öldu Credit Fund II slhf. veð í meðal annars fasteignum, fastafjármunum og lausafjármunum.

12. Verðbréf með breytilegum tekjum

	30.6.2021	31.12.2020
Verðbréf með breytilegum tekjum greinast sem hér segir:		
Kvika - Lausafjársgjóður	385.751	742.674

Skýringar frh.

13. Eigið fé

	30.6.2021	31.12.2020
a. Hlutfé		
Útgefið hlutfé samkvæmt samþykktum	1.467.000	1.467.000
Eitt atkvæði fylgir hverjum einnar krónu hlut í félaginu. Allt hlutfé félagsins hefur verið greitt.		
b. Lögbundinn varasjóður		
Samkvæmt lögum um hlutfélög skal félagið binda 25% af nafnverði hlutfjár í varasjóði, sem ekki má nota til að greiða hluthöfum arð. Við færslu í lögbundinn varasjóð skal ráðstafa 10% af hagnaði ársins þar til 10% af nafnverði hlutfjár er náð og eftir það 5% af hagnaði ársins þar til 25% af nafnverði hlutfjár er náð. Eftir það er ekki krafist frekari færslu í lögbundinn varasjóð.		
c. Óráðstafað eigið fé		
Óráðstafað eigið fé sýnir uppsafnaðan hagnað félagsins að frádregnu framlagi í lögbundinn varasjóð og arðgreiðslum. Óráðstöfuðu eigin fé er unnt að ráðstafa til hluthafa í formi arðgreiðslna.		
d. Eiginfjárlutfall	30.6.2021	31.12.2020
Eigið fé	1.733.155	1.707.465
Eiginfjárlutfall	21,7%	21,7%

14. Skuldabréfaútgáfa

Félagið hefur gefið út skuldabréfaflokk sem skráður er í Kauphöll Íslands, NASDAQ OMX Iceland hf. Flokkurinn hefur auðkennið ACF II 18 01 og er verðtryggt jafngreiðslubréf með 3,75% föstum ársvöxtum.

	30.6.2021	31.12.2020
Skuldabréfaútgáfan greinist þannig:		
Staða 1.1.	6.105.945	6.019.964
Greiddar afborganir	(64.668)	(122.132)
Verðbætur	151.251	208.114
Staða	6.192.528	6.105.945
Skuldabréfaútgáfan og næsta árs afborganir greinist þannig:		
Skuldabréf, verðtryggt ISK, fastir 3,75% vextir	6.192.528	6.105.945
Næsta árs afborgun	(136.091)	(126.825)
Skuldabréfaútgáfan samtals	6.056.437	5.979.120
Afborgun ársins 2022 / 2021	136.091	126.825
Afborgun ársins 2023 / 2022	141.243	132.632
Afborgun ársins 2024 / 2023	146.589	137.653
Afborgun ársins 2025 / 2024	152.138	142.863
Afborgun ársins 2026 / 2025	157.896	148.271
Afborganir síðar	5.458.571	5.417.702
Samtals	6.192.528	6.105.945

Allar eignir félagsins eru til tryggingar greiðslu skuldabréfalána félagsins.

Félaginu er heimilt að greiða hraðar upp skuldabréfalán félagsins frá árinu 2023 gegn 1,5% uppgreiðslugjaldi.

15. Skuldbindingar

Félagið hefur ekki samþykkt ný lán eftir uppgjörssdag.

Skýringar frh.

Annað

16. Viðskipti við tengda aðila

Viðskipti milli Öldu Credit Fund II slhf. og rekstrarfélags þess og félaga tengdum því uppfylla skilyrði skilgreiningar um viðskipti við tengda aðila. Skilmálar og skilyrði þessa viðskipta voru ákveðin í samræmi við markaðsstaðla og venjur. Í eftirfarandi töflu kemur fram fjárhæð þessa viðskipta og staða eigna og skulda í lok júní 2021 og lok desember 2020.

Engin viðskipti sem uppfylla skilgreiningar um viðskipti við tengda aðila voru við stjórnarmenn eða aðila þeim nátengdum fjölskylduböndum, eða fyrirtækja í þeirra eigu á árunum 2021 og 2020.

Félagið stundar almenn bankaviðskipti hjá Kviku banka hf. sem er móðurfélag Kviku eignastýringar hf. Viðskiptakjör eru í öllum tilfellum eins og um ótengda aðila væri að ræða. Ekki er um að ræða önnur viðskipti við tengda aðila.

1.1.2021-30.6.2021	Tekjur	Gjöld	Eignir	Skuldir
Kvika banki hf.	1.037	0	210.066	0
Kvika eignastýring hf.	0	(20.254)	385.751	(203)
Samtals	1.037	(20.254)	595.817	(203)
1.1.2020-31.12.2020	Tekjur	Gjöld	Eignir	Skuldir
Kvika banki hf.	1.037	0	98.973	0
Kvika eignastýring hf.	0	(42.222)	742.674	(335)
Samtals	1.037	(42.222)	841.647	(335)

17. Heildargreiðslur og hlunnindi

Félagið greiðir engin laun þar sem daglegur rekstur er í höndum Kviku eignastýringu hf. Sjá skýringu 16 í A-hluta árshlutareiknings Kviku eignastýringar hf.

Skýringar frh.

Áhættustýring

18. Áhættustýring

- a. Markmið
Markmið með áhættustýringu er að uppgötva og greina áhættur, setja viðmið um áhættur og hafa eftirlit með þeim.
- b. Uppbygging
Stjórn Öldu Credit fund II slhf. ber ábyrgð á að innleiða og hafa eftirlit með áhættustýringu félagsins. Stjórnin hefur falið framkvæmdastjóra félagsins umsjón með daglegri áhættustýringu.
- c. Tegundir áhættu
Starfsemi félagsins felur einkum í sér eftirfarandi áhættuþætti:
- Útlánaáhætta
 - Lausafjáraáhætta
 - Markaðsáhætta

19. Útlánaáhætta

Útlánaáhætta er hættan á fjárhagslegu tapi félagsins ef viðskiptamaður eða mótaðili í fjármálagerningi getur ekki staðið við umsamdar skuldbindingar sínar eða tryggingar viðskiptamanna nægja ekki til að mæta skuldbindingum þeirra.

Útlánaáhætta ræðst einkum af fjárhagsstöðu og starfsemi einstakra skuldara, auk stöðu þeirra atvinnugreina sem stærstu viðskiptavinir félagsins starfa í. Um 10% af langtímakröfum í lok tímabilsins er vegna stærsta skuldara félagsins.

Félagið hefur sett sér reglur og fjárfestingarstefnu um lánsviðskipti. Framkvæmd er ítarleg könnun á lánstrausti nýrra lántakenda.

Félagið veitir lán gegn veðum í eignum. Í lok tímabilsins er um að ræða meðal annars veð í fasteignum, fastafjármunum og lausafjármunum. Félagið hefur samkvæmt fjárfestingarstefnu heimild til að lána án veða að takmörkuðu leyti.

20. Veðhlutfall

- a. Almennt
Veðhlutfall (LTV) lýsir hámarks áhættuskuldbindingu útlánaáhættu sem hlutfall af heildarverðmati trygginga, ef þær eru til staðar. Almennt lánshæfi viðskiptavinar er álitinn áreiðanlegasti mælikvarði á gæði útlánsins. Verðmat á mótteknum veðum vegna lánveitinga er þar af leiðandi ekki uppfært nema ef að lánshæfismat lántakandans versnar.
- b. Sundurliðun
Sundurliðun á lánum eftir veðhlutfalli er sem hér segir:

	30.6.2021	%
25-50%	1.102.035	14,8%
50-75%	6.323.730	85,2%
Samtals	7.425.764	100%

21. Hámarks útlánaáhætta

Hámarksáhætta vegna útlánataps vegna fjármálagerninga sem lúta virðisrýrnunarkröfum IFRS 9, bæði innan og utan efnahagsreiknings, áður en tekið er tillit til trygginga eða annarra liða sem milda útlánaáhættuna, skiptist sem hér segir:

	30.6.2021	31.12.2020
Langtímakröfur	7.176.387	6.857.022
Næsta árs afborgun langtímakrafna	165.563	150.103
Aðrar skammtímakröfur	53.751	32.295
Handbært fé	210.066	98.973
Samtals	7.605.768	7.138.392

Fjáreignir félagsins eru ekki niðurfærðar í lok júní 2021 þar sem ekki er metin tapsáhætta vegna þeirra.

22. Lausafjáraáhætta

Lausafjáraáhætta er hættan á því að félagið geti ekki staðið við fjárhagsskuldbindingar sínar eftir því sem þær gjaldfalla. Félagið stýrir lausafé á þann hátt að tryggt sé, eins og hægt er, að það hafi alltaf nægt laust fé til að mæta skuldbindingum sínum eftir því sem þær gjaldfalla, hvort sem er undir venjulegum og óvenjulegum kringumstæðum, án þess að verða fyrir óásættanlegu tapi og forðast að skaða orðspor félagsins.

Félagið fylgist með lausafjástöðu sinni með greiningu á gjalddaga fjáreigna og fjárskulda til að geta endurgreitt allar skuldir á gjalddaga og viðhefur vinnubrögð sem tryggja að til staðar sé nægjanlegt laust fé til að geta mætt fyrirjábanlegum og ófyrirséðum greiðsluskuldbindingum.

Lausafjárstaða félagsins var sterk í lok júní 2021 og stjórnendur þess telja að félagið sé í góðri stöðu til að mæta skuldbindingum sínum þegar þær falla á gjalddaga.

Skýringar frh.

23. Útlánagæði fjáreigna

Töflurnar hér að neðan sýna fjáreignir sem lúta niðurfærslukröfum IFRS 9. Fyrir lán með lánshæfiseinkunn á 1. stigi eru litlar líkur á vanskilum og vænt útlánstap vegna þeirra metið óverulegt og þar af leiðandi er engin niðurfærsla tekin á fjáreignum.

Útlánagæði fjáreigna skipt eftir stigum sundurliðast sem hér segir:

30.6.2021	Prep 1	Prep 2	Prep 3	Gangvirði í gegnum rekstur	Samtals
<i>Útlán:</i>					
Lánshæfiseinkunn, 1.stig	7.141.968	199.982	0	0	7.341.950
Bókfært heildarvirði	7.141.968	199.982	0	0	7.341.950
Vænt útlánatap	0	0	0	0	0
Bókfært virði	7.141.968	199.982	0	0	7.341.950

31.12.2020	Prep 1	Prep 2	Prep 3	Gangvirði í gegnum rekstur	Samtals
<i>Útlán:</i>					
Lánshæfiseinkunn, 1.stig	6.311.478	695.647	0	0	7.007.125
Bókfært heildarvirði	6.311.478	695.647	0	0	7.007.125
Vænt útlánatap	0	0	0	0	0
Bókfært virði	6.311.478	695.647	0	0	7.007.125

24. Eftirstöðvatími fjáreigna og fjárskulda

Samningsbundinn eftirstöðvatími fjáreigna og fjárskulda, að meðtöldum væntum vaxtagreiðslum, sundurliðast sem hér segir:

30.6.2021	0-12 mánuðir	1-2 ár	2-5 ár	Meira en 5 ár	Umsamið sjóðstreymi	Bókfært virði
Fjáreignir						
Handbært fé	210.066				210.066	210.066
Verðbréf með breytilegum tekjum	385.751				385.751	385.751
Aðrar skammtímakröfur	53.751				53.751	53.751
Skuldabréf	484.130	546.851	3.132.377	5.325.829	9.489.187	7.341.950
Samtals	1.133.698	546.851	3.132.377	5.325.829	10.138.755	7.991.518
Fjárskuldir						
Skuldabréfaútgáfa	302.014	367.646	1.102.938	8.088.214	9.860.812	6.192.528
Áfallnir vextir	65.632	0	0	0	65.632	65.632
Aðrar skammtímaskuldir	203				203	203
Samtals	367.849	367.646	1.102.938	8.088.214	9.926.647	6.258.363
Hreinar fjáreignir (fjárskuldir)	765.849	179.205	2.029.439	(2.762.385)	212.108	1.733.155
31.12.2020	0-12 mánuðir	1-2 ár	2-5 ár	Meira en 5 ár	Umsamið sjóðstreymi	Bókfært virði
Fjáreignir						
Handbært fé	98.973				98.973	98.973
Verðbréf með breytilegum tekjum	742.674				742.674	742.674
Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur	32.295				32.295	32.295
Skuldabréf	459.326	458.006	3.147.012	4.968.508	9.032.852	7.007.125
Samtals	1.333.268	458.006	3.147.012	4.968.508	9.906.794	7.881.066
Fjárskuldir						
Skuldabréfaútgáfa	292.018	358.301	1.074.903	8.061.773	9.786.996	6.105.945
Áfallnir vextir	66.283				66.283	66.283
Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir	1.373				1.373	1.373
Samtals	359.674	358.301	1.074.903	8.061.773	9.854.652	6.173.601
Hreinar fjáreignir (fjárskuldir)	973.594	99.705	2.072.109	(3.093.265)	52.142	1.707.465

Skýringar frh.

25. Markaðsáætta

Markaðsáætta er hættan á því að breytingar í markaðsverði erlendra gjaldmiðla og vaxta hafi áhrif á afkomu félagsins eða virði fjármálagerna. Markmið með stýringu markaðsáætlu er að stýra og takmarka áhættu við skilgreind mörk, jafnframt því sem ábati er hámarkaður. Markaðsáætta félagsins samanstendur af vaxtaáhættu.

Skuldabréfalán félagsins er verðtryggt með föstum vöxtum og verðtryggingaráhættu.

26. Flokkun fjármálagerna

Flokkun fjármálagerna er sem hér segir:

	Lán og kröfur	Tilskilið á gangvirði í gegnum rekstrarreikning	Bókfært virði
30.6.2021			
Fjáreignir			
Langtímakröfur	7.176.387		7.176.387
Næsta árs afborgun langtímakrafna	165.563		165.563
Verðbréf með breytilegum tekjum		385.751	385.751
Aðrar skammtímakröfur	53.751		53.751
Handbært fé	210.066		210.066
Samtals	7.605.768	385.751	7.991.518

	Lán og kröfur	Tilskilið á gangvirði í gegnum rekstrarreikning	Bókfært virði
Fjárskuldir			
Skuldabréfalán	6.056.437		6.056.437
Næsta árs afborgun skuldabréfalána	136.091		136.091
Áfallnir vextir	65.632		65.632
Aðrar skammtímaskuldir	203		203
Samtals	6.258.363	0	6.258.363

Flokkun fjármálagerna er sem hér segir:

	Lán og kröfur	Tilskilið á gangvirði í gegnum rekstrarreikning	Bókfært virði
31.12.2020			
Fjáreignir			
Langtímakröfur	6.857.022		6.857.022
Næsta árs afborgun langtímakrafna	150.103		150.103
Verðbréf með breytilegum tekjum		742.674	742.674
Aðrar skammtímakröfur	32.295		32.295
Handbært fé	98.973		98.973
Samtals	7.138.392	742.674	7.881.066

	Lán og kröfur	Tilskilið á gangvirði í gegnum rekstrarreikning	Bókfært virði
Fjárskuldir			
Skuldabréfalán	5.979.120		5.979.120
Næsta árs afborgun skuldabréfalána	126.825		126.825
Áfallnir vextir	66.283		66.283
Aðrar skammtímaskuldir	1.373		1.373
Skuldir samtals	6.173.601	0	6.173.601

Undirritunarsíða

Óli Grétar Blöndal Sveinsson

Þórður Jónsson

Helen Ólafsdóttir

Þorkell Magnússon

Guðmundur Ingólfsson

Pálína Árnadóttir